

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af beiðni um fjárstyrk 71
til að semja registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar. — Með 16. maí
póknanlegu brjefi, dags. 23. marz p. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað er-
indi bæjarfógetans í Reykjavík, þar sem farið er fram á, að 300 kr. verði teknar á frum-
varp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 til að semja nýtt registur yfir afsals- og veð-
brjefabækur Reykjavíkurkaupstaðar, sem mikil þörf sje á. Þjer hafið skotið þessu máli
til úrslita minna og látið um leið í ljósi það álit yðar, að það lægi næst, að bæjarsjóður
Reykjavíkurkaupstaðar greiddi styrk þann, er hjer er um að ræða.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, til póknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að jeg verð að vera yður samdóma um,
að gjöld þau, sem hjer er um að ræða, eru svo löguð, að hlutadeigandi kaupstaðarsjóð-
ur ætti að inna þau af hendi, og að mjer þess vegna pyki eigi ástæða til að reyna að
fá greinda upphæð veitta úr landssjóði; heldur eigi virðist eptir kringumstæðum ástæða
til fyrir landssjóð að rjetta fyrirtækinu hjálparhönd með því að láta í tje nokkuð af upp-
hæðinni, einkum þar sem hin hjerumrædda fjárupphæð er tiltölulega lítil.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um endur- 72
gjald sveitarstyrks. — Með póknanlegu brjefi, dags. 8. marz p. á. hafið þjer, herra amt- 31. maí
maður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi, dags. 27. desbr. f. á.
með 1 fylgiskjali, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar dags. 27. okt. f. á., er á-
kveður, að Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppar skuli endurgjalda Vindhælishreppi 3 kr.
26 a., en að öðru leyti vera lausir við að endurgjalda nefndum hreppi áfallinn og áfall-
andi kostnað af framfærslu gamalmennisins Guðmundar Magnússonar. Auk þess fylgdi
nefndu brjefi yðar brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 2. febr. p. á. viðvíkjandi
málinu, og eldri skjöl málsins 36 að tölu.

Nefndur Guðmundur Magnússon var viðurkenndur sveitlægur í hinum forna
Torfastaðahreppi, sem nú er skipt í Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, en páði árin 1875
—76 og 1876—77 styrk af sveitarsjóði Vindhælishrepps, þar sem hann bjó á grasbýli
nokkru í Höskuldsstaðaseli, og var sá styrkur við lok fardagaársins 1876—77 orðinn
samtals 54 kr. 91 e. Af því að hreppsnefnd Vindhælishrepps þóttist þá sjá fram á, að
Guðmundur mundi ekki einfær um að borga henni aptur skuld þessa, og að hann jafn-
vel mundi bráðlega verða frekari styrks þurfandi, skrifaði hún framfærslusveit hans 11. júlí
1877, og krafðist endurgjalds á hinum veitta styrk, og kvaðst vilja losast við Guðmund,
sem mundi verða þungur ómagi. Í svari sínu upp á þetta brjef 26. júlí s. á. krefst
hreppsnefnd Torfastaðahrepps, að Guðmundur verði sem fyrst samsumars fluttur á sveit
sína Torfastaðahrepp, og neitar hún jafnframt að endurgjalda Vindhælishreppi hinn
veitta styrk. Hreppsnefnd Vindhælishrepps fór nú fram á það við sýslumann í brjefi
29. ág. s. á., að Guðmundur yrði fluttur á sveit sína, en sýslumaður áleit það þá ekki
tiltækilegt eptir öllum málavöxtum að fyrirskipa flutninginn, og fórst hann þannig fyrir
á því ári. Árið eptir 1878 gjörði hreppsnefnd Vindhælishrepps aptur tilraun til að fá
Guðmund fluttan, og fjekk vegabryf handa honum hjá sýslumanni 28. sept., en þegar til kom
og framkvæma átti flutninginn 12. okt. s. á., var Guðmundur svo veikur, að það að álitu
hrepptjóra og tveggja votta eigi var gjörlegt að flytja hann neitt út af heimilinu.

8. dag júlímán. 1889.

72 Næsta ár 1879 virðist svo sem hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi gefið upp að sinni
 31. maí flutning á Guðmundi, enda hafði hann síðan 1877 reynzt sjálfbjarga og borgað aptur
 helming styrks þess, er hann hafði áður pegið, og sett hreppnum veð fyrir hinu, sem
 eptir var. En vorið 1880 var gjörð ný tilraun fyrir tilstilli hreppsnefndarinnar til að flytja
 Guðmund, en hreppstjóri og tveir vottar álitu hann þá einnig óflutningsfæran, nema ef
 vera skyldi sjóveg alla leið vestur í Miðfjörð. Leitaði hreppsnefndin þá aðstoðar sýslu-
 manns til þess, að Guðmundur yrði fluttur á þennan hátt til sveitar sinnar, sem varð
 til þess, að sýslumaður skipaði hreppstjóra að gjöra nýja tilraun til að flytja Guðmund
 þurfamannaflutningi, en sú tilraun fór á sömu leið. Eptir þetta lá Guðmundur rúm-
 fastur í 4 ár, og var þá, 25. ág. 1884, skoðaður af hjeraðslækni, sem vottaði, að hann
 væri með öllu ófær til að flytjast fátækraflutningi á framfærslusveit sína, og síðan hefur
 hann verið þungur kararómagi.

Þjer hafið nú, herra amtmaður, álitid, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi eigi
 gjört sjer nægilega far um flutning Guðmundar samkvæmt áðurnefndri kröfu fram-
 færslusveitar hans, og því úrskurðað, að Vindhælishreppur skuli eptirleiðis framfæra
 þennan ómaga Torfastaðahrepps, og að eins fá endurgoldnar 3 kr. 26 a., sem stóðu eptir
 af styrknum frá 1876—77, þegar Guðmundur varð karlægur. Jeg gæti einnig, ef til
 vill, fallizt á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hefði eigi gjört nógu stöðugar og ít-
 arlegar tilraunir til að flytja Guðmund á hrepp sinn, ef sú reynd hefði á orðið, sem
 útlit var fyrir 1877, og Guðmundur hefði haldið áfram að pigga af sveit í Vindhælis-
 hreppi upp á framfærslusveit sína, en hjer var öðru máli að gegna, því öll árin 1877—
 81 gat Guðmundur með búhokri sínu komizt af án styrks, og borgaði auk þess smátt
 og smátt skuld þá, 54 kr. 91 e., er hann var kominn í við hreppinn, og sem fram-
 færslusveit hans hafði ranglega neitað að endurgjalda Vindhælishreppi, svo að hún
 var við lok ársins 1880—81 orðin að eins 3 kr. 26 a., og það var fyrst 1883—84, að
 Guðmundur fór aptur að verða verulegs styrks þurfandi. Jeg get því eigi eptir atvik-
 um málsins sjeð, að rjett sje að láta Vindhælishrepp gjalda fyrir það, svo sem þjer hafið
 gjört, að Guðmundur varð eigi fluttur á sveit sína áður en hann varð ófær til flutnings,
 og það því síður sem ætlast hefði mátt til þess af framfærsluhreppnum, ef hann þóttist
 sjá fyrir, að hætt væri við því, að Guðmundur, þótt hann kæmist af án styrks svo
 mörg ár, 1877—81, myndi verða innlyksa í Vindhælishreppi, að hann þá einnig hefði
 sýnt nokkurn áhuga á því, að fá Guðmund fluttan, en þess sjest enginn vottur í skjöl-
 um málsins eptir að fyrnefnt brjef 26. júlí 1877 var skrifað, að minnsta kosti eigi
 eptir 1878.

Af þessum ástæðum skal ofannefndum úrskurði yðar, herra amtmaður, dags.
 27. okt. f. á., breytt á þá leið, að Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppar skulu skyldir að
 annast framfærslu umrædds Guðmundar Magnússonar, og endurgjalda Vindhælishreppi
 áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu hans meðan hann dvelur í Vindhælis-
 hreppi.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

73 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um
 31. maí skylduna til að kaupa lausakaupmennskuleyfisbrjef, samkvæmt lögum 2. des. 1887.